

STARFSREGLUR

um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000.

1. gr.

Við 3. gr. reglnanna bætist ein málsgrein sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Forseti kirkjuráðs ber ábyrgð á undirbúningi og skipulagningu funda kirkjuráðs, þ.m.t. gerð dagskrár í samráði við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs fer með fyrirvar ráðsins milli funda í samráði við forseta ráðsins. Kirkjuráðsmenn geta starfað að málefnum kirkjuráðs milli funda ef þeim hefur verið falið það af ráðinu eða um nefndarstörf sé að ræða á vegum ráðsins, sem viðkomandi hefur verið skipaður til. Ráðningarsamningar vegna starfsmanna kirkjuráðs, þ.m.t. launasetningar, breytingar á þeim og slit þeirra skulu ræddir og ákvarðanir um þá teknar á kirkjuráðsfundi. Veita má einstökum kirkjuráðsmönnum eða öðrum umboð til að fylgja eftir ákvörðunum kirkjuráðs hvað þetta varðar sem og varðandi önnur mál.

2. gr.

2. mgr. 3. gr. reglnanna verður 3. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð getur haft aðsetur á biskupsstofu.

3. gr.

Við 5. gr. reglnanna bætist ein málsgrein sem verður 3. mgr. og orðast svo:

Ákveði kirkjuráð greiðslu umfram fjárhagsáætlun skal fjárhagsáætlun breytt til samræmis og lögð fyrir kirkjuþing samhliða fjárhagsáætlun næsta árs.

4. gr.

Við 6. gr. reglnanna bætast sex nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3., 4., 5., 6. og 7. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð skal sjá um að fjárstjórn sjóða og stofnana er undir ráðið heyra sé jafnan í réttu og góðu horfi og að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna þeirra. Kirkjuráð getur ráðið sér starfsfólk til að sinna því eftirlitshlutverki sem því er ætlað að hafa.

Kirkjuráð skal leggja fyrir þingið til kynningar endurskoðaða ársreikninga sjóða og stofnana sem undir ráðið heyra fyrir síðasta fjárhagsár.

Enga greiðslu má inna af hendi úr þeim sjóðum sem undir kirkjuráð heyra án samþykkis þess.

Kirkjuráð getur ákveðið að semja við embætti biskups Íslands eða aðrar stofnanir þjóðkirkjunnar að annast afmörkuð verkefni sem kirkjuráði ber að sinna eða ráðið ákveður að stofna til. Hafi þau verkefni í för með sér fjárútlát, skal kirkjuráð tryggja, að nægt fé sé á hverjum tíma lagt af tekjum kirkjunnar, skv. 7. gr., til að standa straum af kostnaði við þau.

Undirritun meirihluta fulltrúa kirkjuráðs skuldbindur þá sjóði sem ráðið stýrir við meiriháttar samningsgerð eins og við sölu fasteigna.

Kirkjuráð veitir prókúrumboð vegna þeirra sjóða eða stofnana sem undir ráðið heyra.

5. gr.

Við 7. gr. reglnanna bætast þrjár nýjar málsgreinar, sem verða 2., 3. og 4. mgr. og orðast svo:

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár, innan lögmæltra marka, sem árlega rennur til kirkjunnar sem gagngreiðsla íslenska ríkisins á grundvelli samninga um kirkjueignir og prestssetur.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með ráðstöfun fjár, innan lögmæltra marka, sem sjóðir eða stofnanir sem undir ráðið heyra afla með frjálsum framlögum, eða fjár sem rennur með öðrum hætti til þeirra frá opinberum aðilum, en tilgreint er í 2. og 3. mgr.

Kirkjuráð hefur yfirumsjón með fasteignum kirkjumálasjóðs sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar.

6. gr.

Við 1. mgr. 10. gr. reglnanna bætist nýr stafliður d) og orðast svo:

d) Fasteignasvið, sbr. starfsreglur um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009.

7. gr.

Ný málsgrein bætist við 16. gr. reglnanna sem verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt er kirkjuráðsmönnum að taka þátt í kirkjuráðsfundi með fjarfundarbúnaði ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

8. gr.

17. gr. reglnanna orðist svo:

Kirkjuráð ræður sér fundarritara. Hann ritar fundargerð sem borin skal upp til samþykktar á fundinum með undirskrift fundarmanna. Í fundargerð skal greina stutt og skilmerkilega frá framlagningu máls og niðurstöðu í því. Fundargerð skal send kirkjuþingsmönnum að fundi loknum. Samþykkt fundargerð er opinber og öllum aðgengileg, eigi síðar en þrem dögum eftir fund.

Kirkjuráð getur ákveðið að halda lokaða fundargerðabók fyrir málefni sem falla undir lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

9. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru skv. heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, öðlast gildi 1. janúar 2017.

Reykjavík, 21. desember 2016.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings.